

TÍMI ER PENINGAR – VIÐ SPÖRUM ÞÉR HVORT TVEGGJA



SPARNAÐUR  
-SPARNAÐUR VÍSAR ÞÉR VEGINN



## HVAÐ ER SPARNAÐUR?

Sparnaður er ráðgjafarfyrtæki sem hefur það að markmiði að hjálpa viðskiptavinum sínum að ná meiri árangri og öðlast fjárhagslegt frelsi með nýjungum í ráðgjöf og hugsun.

Sparnaður fer nýjar leiðir og hefur hjálpað þúsundum einstaklinga með uppgreiðsluráðgjöf: Sérútreikningum á því hvaða lán sé best að greiða upp fyrst og í hvaða röð. Þannig hjálpum við lántakendum að hámarka sparnað á vöxtum og verðbótum ásamt því að stuðla að fjárhagslegu öryggi.

Sparnaður veitir ekki aðeins ráðgjöf heldur býður viðskiptavinum einnig leiðir til að ná markmiðum sínum með einstaklega góðum lífeyristryggingum frá Þýskalandi sem auka öryggi þitt og aðstandenda þinna á efri árum.

Sparnaður býður einnig uppgreiðsluþjónustu lána: Viðskiptavinur gefur Sparnaði umboð til að hafa milligöngu um höfuðstólsgreiðslur inn á það lán sem skynsamlegast er að greiða inn á fyrst – til að ná markmiðum viðskiptavinar í samræmi við sérútreikninga Sparnaðar.

Sparnaður leiðir saman nýja hugsun í fjármálaþjónustu, aldagamla reynslu frá Þýskalandi og áræði í samkeppni við öflugustu fjármálafyrtæki á landinu. Við setjum hagsmuni viðskiptavina okkar ávallt í fyrsta sæti.

Sparnaður er umboðsaðili Bayern-Versicherung sem tilheyrir tryggingasamstæðu Versicherungskammer Bayern en hún er í eigu þýsku sparisjóðanna.




## FRELSI – ÖRYGGI – ÁVÖXTUN

**FRELSI** er eins og hamingja, við vitum ekki nákvæmlega hvað það er en finnum strax fyrir því ef á það skortir. Neikvæð fjárhagsstaða heimilisins sviptir fjölskylduna möguleikum á að njóta þess sem hún á og eignast það sem hana vantar. Leiðina til þess að öðlast frelsi á ný er að finna í uppgreiðslu lána og uppbyggingu sparnaðar.

**ÖRYGGI** er hverri manneskju nauðsyn en ábyrgðin færir í auknum mæli frá samfélaginu yfir á einstaklinginn. Með sparnaði er hægt að bregðast við þessari þróun og treysta öryggisnet fjölskyldunnar bæði í nútíð og framtíð. Allir geta sparað og við hjálpum þér við það.

**ÁVÖXTUN** eigna og sparnaðar eykur frelsi okkar til athafna og öryggi okkar í lífinu. Ávöxtun er uppskera erfiðisins. Við eyðum stórum hluta ævinnar í að afla tekna og við eigum skilið að þær ávaxti sig vel.



## ER FJÖLSKYLDAN FYRIRTÆKI?

Þessari spurningu er bæði hægt að svara játandi og neitandi. Fjölskyldan veltir miklum fjármunum þegar horft er til starfsævi fjölskyldumeðlimanna en hún býr líka við nokkra óvissu um tekjur og breytingar á verðlagi. Hún þarf að huga að tryggingum á eignum, lífi og heilsu meðlima sinna, reikna með kostnaði við lántökur og sinna fjárfestingum. Þetta eru allt sömu viðfangsefni og fyrirtæki glíma við.

En fjölskyldunni er líka ætlað að gera ýmislegt annað sem ekki er í verkahring fyrirtækja: Hún þarf að ala upp afkomendur sína, tryggja þeim vernd og öryggi og vera félagsleg og menningarleg stoð.

Fjölskyldan hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda og er fyrsta samfélagsform manna. Það er því með réttu hægt að segja að fjölskyldan sé undirstaða mannlegs samfélags.

Breytingarnar sem fjölskyldumynstrið hefur tekið í aldanna rás snerta einkum þrjá þætti:

- 1) Hvernig frumþarfirnar, fæði, klæði og húsnæði, eru uppfylltar.
- 2) Með hvaða hætti fjölskyldunni er viðhaldið.
- 3) Hvernig reynslu og þekkingu kynslóðanna er miðlað.

Það er áhugavert fyrir okkur, sem erum að skoða fjárhag heimilisins, hvernig fjölskyldunni tekst að nýta þá fjármuni sem hún hefur til að sinna hlutverki sínu, ná markmiðum sínum og láta draumana rætast.


**SPARNADUR VÍSAR ÞÉR OG ÞÍNUM VEGINN  
– TIL BETRI FRAMTÍÐAR**

## HVAÐ GETUR SPARNADUR GERT FYRIR ÞIG OG ÞÍNA?



ÞÚ GETUR SPARAÐ HÁAR FJÁRHÆÐIR Í VÖXTUM OG VERÐBÓTUM MEÐ ÞVÍ AÐ GREIÐA INN Á RÉTT LÁN Í RÉTTRI RÖÐ

Heildargreiðslur lána á umsömdum lánstíma



## HJÁ SPARNADI ÖÐLAST ÞÚ FJÁRHAGSLEGT FRELSI

Frelsi er eins og hamingja, við vitum ekki nákvæmlega hvað það er en finnum strax fyrir því ef á það skortir. Neikvæð fjárhagsstaða heimilisins sviptir fjölskylduna möguleikanum á að njóta þess sem hún á og eignast það sem hana vantar. Leiðina til þess að öðlast frelsi á ný er að finna í uppgreiðslu lána og uppbyggingu sparnaðar.

Mikilvægt er að hafa samstarfsaðila sér við hlið sem hægt er að treysta og getur veitt þér uppgreiðsluráðgjöf óháða fjármálastofnunum. SPARNAÐUR tók strax eftir hrun bankakerfisins stöðu með lántakendum og þeim sem höfðu lagt sparnað sinn í húsnæðis kaup. Jafnframt bentum við á raunhæfar leiðir til að rétta af það ójafnvægi sem varð milli almannahagsmuna og hagsmuna fjármálastofnana í landinu.

Það er afar mikilvægt að uppgreiðsluráðgjöfin sé ekki takmörkuð við skuldbindingar í einum viðskiptabanka. Það er alls ekki hagstæðast í öllum tilfellum að

greiða aukalega inn á höfuðstól lána í viðkomandi viðskiptabanka; hafa þarf í huga að margir greiða mánaðarlega af skuldbindingum hjá fleiri en einni fjármálastofnun. Auk þess eru misjafnar forsendur að baki hverri skuldbindingu fyrir sig.

Niðurgreiðsluaðferðin byggist á afar einföldu lögmáli í fjármálum og einmitt þess vegna virkar hún svo vel. Það skiptir mestu máli í hvaða röð lánin eru greidd upp svo að lántaki fái sem mestan tekjuafgang á sem skemmstum tíma til frjálsrar ráðstöfunar – skattfrjálst!

Láttu Sparnað reikna út hagkvæmustu og hraðvirkustu leiðina til að losna við skuldir og öðlast fjárhagslegt frelsi á ný!

**- MEÐ ÞVÍ AÐ TILEINKA ÞÉR UPPGREIÐSLURÁÐGJÖF SPARNAÐAR, SEM ER ÓHÁÐ FJÁRMÁLASTOFNUNUM, SPARAR ÞÚ ÞÉR UMTALSVERÐAR FJÁRHÆÐIR Í VÖXTUM OG VERÐBÓTUM**

ÞÚ GETUR LÆKKAÐ ÞÁ MIKLU TEKJUSKERÐINGU SEM VERÐUR TIL VIÐ ÞAÐ AÐ FARA Á EFTIRLAUN MEÐ ÞVÍ AÐ TRYGGJA ÞÍNA FRAMTÍÐ OG LEGGJA FYRIR TIL EFRI ÁRANNA. SÉREIGNARTRYGGING BAYERN LÍF ER VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNADUR MEÐ TRYGGÐA LÁGMARKSÁVÖXTUN UPP Á 1,75% Í EVRUM ÁN UPPHAFSKOSTNAÐAR.

## HJÁ SPARNADI FÆRÐU VIÐBÓTARLÍFEYRIS-SPARNAD HJÁ ÞÝSKRI TRYGGINGASAMSTÆÐU MEÐ RÚMLEGA 200 ÁRA SÖGU OG SEM ER Í EIGU SAMBANDS ÞÝSKU SPARISJÓÐANNA.


Því fyrr sem hugað er að fjárhagsöryggi framtíðarinnar, þeim mun betra. Öll eigum við okkur drauma um eftirlaunaaldurinn: áhyggjulaust líf, gott húsnæði, heimsreisur o.s.frv.

Hvort draumarnir um áhyggjulaust ævikvöld eiga eftir að rætast ræðst fyrst og fremst af þeim ráðstöfunum sem hver og einn grípur til strax í dag. Sá sem vill halda lífskjörum sínum óbreyttum verður að gera sínar eigin ráðstafanir varðandi viðbótarlífeyristryggingu. Með samstarfi SPARNAÐAR og BAYERN-VERSICHERUNG getur SPARNAÐUR boðið lífeyris- og söfnunartryggingar svo að viðskiptavinir SPARNAÐAR nái markmiðum sínum á tryggðan hátt.

BAYERN-VERSICHERUNG er meðlimur í fyrirtækja-samstæðunni VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN og tilheyrir sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparísjóðanna (Sparkassen- Finanzgruppe) sem er öflugasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi. Um 50 milljónir viðskiptavina og um 650 þáttökufyrirtæki eru með samtals um 3.600 milljarða evra í veltu. Versicherungskammer Bayern er stærsta opinbera tryggingafélagið í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparísjóðanna og sameinar kjarnasviðin fjárhagsöryggi og tryggingarvernd. Með tilkomu Sparnaðar geta Íslendingar notið að fullu þessa öryggis.

**SPARNAÐUR AÐSTOÐAR ÞIG VIÐ AÐ TRYGGJA ÞÉR NOTALEGA DAGA AÐ LOKINNI STARFSÆVI**

Árleg hækkun lífeyrisréttinda í Séreignartryggingu hjá Bayern-Versicherung 2003-2013



\*Séreignartrygging er í evrum og miðast því tryggð ávöxtun við evru. Gengisáhætta fylgir réttindum í evrum. Ef gengi evrunnar lækkar að verðgildi miðað við gengi íslensku krónunnar leiðir það til lækkunar á réttindum. Hækkað gengi evrunnar gagnvart innlenda gjaldmiðlinum getur aftur á móti leitt til aukins verðmætis réttinda.

\*1 Lokaárshlutdeild á árunum 2012 og 2013 var greidd ofan á þá samninga sem gerðir voru á árunum 2012 og 2013 með þeim skilmálum sem voru í gildi á þeim tíma.

MEÐ TEKJUTRYGGINGU 100 GETUR ÞÚ BRÚAÐ BILIÐ SEM VANTAR TIL ÞESS AÐ VIÐHALDA SÖMU LÍFSGÆÐUM ÞEGAR ÞÚ FERÐ Á EFTIRLAUN. TEKJUTRYGGING 100 ER MEÐ TRYGGÐAN HÖFUÐSTÓL\* UPPSAFNAÐRA IÐGJALDA Í EVRUM EF IÐGJÖLD ERU GREIDD INN Í TRYGGINGUNA ÚT SAMNINGSTÍMANN. OFAN Á IÐGJÖLDIN BÆTIST VIÐ ÁVÖXTUN.

\* Hafðu ætíð í huga að höfuðstólstrygging er í evrum. Ef gengi evrunnar lækkar að verðgildi miðað við gengi íslensku krónunnar leiðir það til lækkunar á eigninni. Hækkað gengi evrunnar gagnvart innlenda gjaldmiðlinum getur aftur á móti leitt til aukins verðmætis eignarinnar.

## HJÁ SPARNADI FÆRÐU TEKJUTRYGGINGU 100 HJÁ ÞÝSKRI TRYGGINGASAMSTÆÐU MEÐ RÚMLEGA 200 ÁRA SÖGU OG SEM ER Í EIGU SAMBANDS ÞÝSKU SPARISJÓÐANNA.


Hvaða drauma átt þú um framtíðina? Að fá tíma til að sinna áhugamálunum? Ferðast um og skoða önnur menningarsamfélög eða vera meira með fjölskyldunni? Almannatryggingakerfið og lögbundna lífeyriskerfið auk viðbótarlífeyrissparnaðar er hugsað til þess að nálgast óbreyttum lífsgæðum við starfslok. Greiðslur úr lífeyrissjóðum og viðbótarlífeyrissparnaði ná í flestum tilfellum ekki að mæta þeim launum sem þú hefur haft þegar kemur að starfslokum. Frjáls langtímasparnaður að auki gefur þér hins vegar tækifæri til þess að láta

drauma þína rætast. Með samstarfi SPARNADAR og BAYERN-VERSICHERUNG getur SPARNADUR boðið lífeyris- og söfnunartryggingar svo að viðskiptavinir SPARNADAR nái markmiðum sínum.

### SPARNADUR AÐSTOÐAR ÞIG VIÐ AÐ FÁ MEIRI TÍMA TIL AÐ SINNA ÁHUGAMÁLUNUM OG FJÖLSKYLDUNNI MEÐ ÞVÍ AÐ ÖÐLAST FJÁRHAGSLEGT FRELSI

TEKJUTRYGGING 100  
Aldur 35 ára  
Samningslok 60 ára  
Samningstími 25 ár  
Framlag 120 evrur

Dæmi um þróun inneignar á lífeyrisréttindum m.v. gefnar forsendur.




ÞÚ GETUR LAGT TRAUSTAN GRUNN AÐ FRAMTÍÐ BARNNA ÞINNA MEÐ FRAMTÍÐARTRYGGINGU BAYERN LÍF. ÞAR STUÐLAR SPARNADARÁÆTLUN AÐ VELFERÐ OG ÁRANGRI BARNANNA Í NÁMI OG STARFI. FRAMTÍÐARTRYGGING 100 HJÁ BAYERN LÍF ER MEÐ TRYGGÐAN HÖFUÐSTÓL\* UPPSAFNAÐRA IÐGJALDA Í EVRUM EF IÐGJÖLD ERU GREIDD INN Í TRYGGINGUNA ÚT SAMNINGSTÍMANN. OFAN Á IÐGJÖLDIN BÆTIST ÁVÖXTUN.

\* Hafðu ætíð í huga að höfuðstólstrygging er í evrum. Ef gengi evrunnar lækkar að verðgildi miðað við gengi íslensku krónunnar leiðir það til lækkunar á eigninni. Hækkað gengi evrunnar gagnvart innlenda gjaldmiðlinum getur aftur á móti leitt til aukins verðmætis eignarinnar.

## HJÁ SPARNADI FÆRÐU FRAMTÍÐARTRYGGINGU FYRIR FRAMTÍÐ BARNNA ÞINNA HJÁ ÞÝSKRI TRYGGINGASAMSTÆÐU MEÐ 200 ÁRA SÖGU OG SEM ER Í EIGU SAMBANDS ÞÝSKU SPARISJÓÐANNA.

Kröfur á vinnumarkaðnum eru stöðugt að aukast. Góð skóla- og starfsmenntun verður sífellt þýðingarmeyri fyrir börnin okkar – en getur kostað mikið fé. Að eignast þak yfir höfuðið og bíl kostar sitt. Margir foreldrar, afar og ömmur, hjálpa unga fólkinu að komast yfir fyrsta hjallann. Mikilvægt er að leggja grunninn að fjárhagslegum stuðningi við ungt fólk sem er á leið út í

lífið vegna þess að lántökur eru kostnaðarsamar og geta verið hættulegar gildirur sem ber að varast. Það er einnig mjög gott að nýta þessa sparnaðaráætlun sem jákvæða hvatningu til þess að börnin nái betri árangri í námi og starfi.



FRAMTÍÐARTRYGGING  
Aldur 5 ára  
Samningslok 25 ára  
Samningstími 20 ár  
Framlag 80 evrur

Dæmi um þróun söfnunar í tryggingunni m.v. gefnar forsendur.

Í ÁGÚST 2007

HÓFUM VIÐ AÐ BJÓÐA UPP  
Á UPPGREIÐSLURÁÐGJÖF  
SPARNAÐAR

UM ÁRAMÓTIN 2007-2008

HÓFUM VIÐ AÐ VEITA  
UPPGREIÐSLUÞJÓNUSTU  
SPARNAÐAR

Í FEBRÚAR 2008

HÓF SPARNAÐUR AÐ BJÓÐA  
UPP Á LÍFEYRISTRYGGINGAR

Í JANÚAR 2009

TÓK STARFSMENNTA-  
ÁÆTLUN SPARNAÐAR  
GILDI

Í JÚNÍ 2010

FÉLL HÆSTARÉTTAR-  
DÓMUR Í GENGLÁNA-  
MÁLINU

Í MAÍ 2011,

TÆPU ÁRI EFTIR  
DÓM HÆSTARÉTTAR,  
HAFÐI REIKNIVERKINU  
VERIÐ HALAÐ NIÐUR Í  
TÆP 45.000 SKIPTI.

Í MAÍ 2012

HLAUT GÆÐASTJÓRNUNAR-  
KERFI SPARNAÐAR,  
ISO 9001:2008 VOTTUN

## HVAÐ HEFUR SPARNAÐUR GERT Á SÍÐUSTU FIMM ÁRUM?

- Í ágúst 2007 hófum við að bjóða upp á uppgreiðsluráðgjöf Sparnaðar sem byggir á hugmyndafræði Ingólfs H. Ingólfssonar. Hann byrjaði í desember 2002 að bjóða upp á námskeiðin „Úr mínus í plús“ við frábærar undirtektir þúsunda íslendinga. Ingólfur skrifaði metsölubókina „Þú átt nóg af peningum – þú þarft bara að finna þá!“ sem var gefin út í mars 2005 og hefur selst í yfir 20.000 eintökum.

- Um áramótin 2007-2008 hófum við að veita uppgreiðsluþjónustu Sparnaðar sem sér um framkvæmd höfuðstólsgreiðslna inn á þau lán sem viðskiptavinur hefur mestan hag af að greiða inn á. Þetta eru mánaðarlegar greiðslur sem viðkomandi þarf ekki að sinna sjálfur. Tilgangurinn með þjónustunni er að tryggja að greiðslurnar fari rétt fram. Kappkostað er að auðvelda öllum að njóta þjónustunnar.

- Í febrúar 2008 hóf Sparnaður að bjóða upp á lífeyristryggingar frá tryggingafélaginu Bayern-

Versicherung sem tilheyrir tryggingasamstæðu Versicherungskammer Bayern og er í eigu þýsku sparisjóðanna. Þetta var mikilvægur áfangi þar sem Íslendingum er boðið upp á aldagamalt og þrautreynt þýskt fyrirkomulag við uppbyggingu og varðveislu lífeyris. Þetta er kærkomin viðbót við uppgreiðsluráðgjöf og uppgreiðsluþjónustu Sparnaðar. Lífeyristryggingin nýtist við starfslok en uppgreiðsluþátturinn er að megninu til í núinu og fram að starfslokum.

- Í janúar 2009 tók starfsmenntaáætlun Sparnaðar gildi. Starfsmenntaáætlunin er byggð upp í áföngum og erfiðleikastigum og þróuð í samstarfi við hinn þýska samstarfsaðila Sparnaðar. Þannig er stuðlað að hæfni og ýtt undir metnað starfsfólks. En áætlunin og prófskírteinin gilda aðeins í eitt ár í senn vegna stöðugra breytinga sem verða á regluverki á Íslandi og í Þýskalandi. Þekkingunni er haldið stöðugt við svo viðhalda megi gæðum í starfi. Allir ráðgjafar fá

lesefni og fara í beinu framhaldi í stöðupróf þar sem hver og einn er metinn. Í framhaldinu þurfa þeir svo að þreyta próf innan ákveðins tímaramma sem settur er í samráði við bakhjarl okkar í Þýskalandi.

- Í júní 2010 féll hæstaréttardómur í gengislánamálinu svokallaða sem olli mikilli óvissu um stöðu heimilanna í landinu. Til að stuðla að upplýstri umræðu í samfélaginu um þau áhrif sem dómurinn kynni að hafa á lántakendur ákváð Sparnaður að búa til reikniverk í samráði við Hagsmunasamtök heimilanna en Sparnaður hefur sérhæft sig í sérútreikningum á lánasamningum viðskiptavina sinna til margra ára.

- Í maí 2011, tæpu ári eftir dóm hæstaréttar, hafði reikniverkinu verið halað niður í tæp 45.000 skipti. Auk þess höfðu þúsundir einstaklinga leitað til Sparnaðar til að fá persónulega aðstoð við útreikningana.

- Í maí 2012 hlaut gæðastjórnunarkerfi Sparnaðar ISO 9001:2008 vottun og varð fyrirtækið þá fyrst umboðsaðila erlendra tryggingafélaga á Íslandi til að hljóta slíka vottun. Undirbúningur hófst á miðju ári 2011 en ákvörðun um að fara í þessa metnaðarfullu aðgerð var tekin af stjórn félagsins í lok árs 2010. Gæðakerfið var tekið út af alþjóðlega vottunaraðilanum DQS sem er með 80 skrifstofur í yfir 60 löndum.

Hlutverk gæðastjórnunarkerfisins er að tryggja að viðskiptavinir Sparnaðar fái þjónustu í samræmi við þau gæðamarkmið sem fyrirtækið hefur sett sér. Ennfremur er ISO 9001 gæðakerfinu ætlað að tryggja markviss vinnubrögð til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, starfsfólki, birgja og eigendum Sparnaðar.

Gæðastjórnun felst í því að tryggja að allir viðskiptavinir fái alltaf sömu gæði, vöru og þjónustu og jafnframt að stöðugt sé unnið að umbótum og framförum í þessum þáttum hjá Sparnaði.

# SPARNAÐUR VÍSAR ÞÉR VEGINN - TIL BETRI FRAMTÍÐAR



Sparnaður hefur hlotið vottun gæðastjórnunarkerfis ISO 9001:2008

Holtasmára 1 · 201 Kópavogur · Kaupvangsstræti 4 · 600 Akureyri · Sími: 577 2025 · Fax: 577 2032  
Netfang: [sparnadur@sparnadur.is](mailto:sparnadur@sparnadur.is) · Vefslóð: [www.sparnadur.is](http://www.sparnadur.is)

Sparnaður á samfélagsmiðlum: [www.facebook.is/sparnadur](http://www.facebook.is/sparnadur)  
[www.youtube.com/sparnadur](http://www.youtube.com/sparnadur) · [www.twitter.com/sparnadur](http://www.twitter.com/sparnadur) · [www.pinterest.com/sparnadur](http://www.pinterest.com/sparnadur)

Sparnaður er umboðsaðili Bayern-Versicherung sem tilheyrir fyrirtækjasamstæðu Versicherungskammer Bayern. Hún hefur matseinkunnina A+ frá Standard og Poor's sem gerir stöðu hennar afar sterka nú á erfiðum tímum í fjármálalífi heimsins. Samstæðan er í eigu sambands þýsku sparisjóðanna (S-Finanzgruppe) sem hefur matseinkunnina Aa2 frá Moody's Investors Service fyrir fjárhagslegan styrk.

